



Einkaleyfastofan

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími 609450

Örn Þór, hrl.
Óðinsgötu 4
101 Reykjavík

Tilv. vor	Dags.
Our ref.	Date
430-90/723	31. október 1991

MÁL:

Andmæli Sigurjónsson & Thor h.f., f.h. MasterCard International Inc., 888 Seventh Avenue New York, N.Y. 10106 U.S.A.

gegn

skráningu myndmerkis Access Brand Limited, sbr. umsókn nr. 723/1990, frá Erni Þór hrl., í nafni Acces Brand Limited, Signet House, Christopher Martin Road, Basildon, Essex SS14 9AA, Englandi.

ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

Málsatvik:

Hinn 23. ágúst 1990 tilkynnti Örn Þór hrl. til skráningar vörumerki. Umsóknin er nr. 723/1990. Óskað var skráningar í 16. og 36. flokk. Vörumerkið var samþykkt til skráningar og birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 23. nóvember 1990.

Með bréfi dags. 15. janúar 1991 andmælti Sigurjónsson & Thor h.f., f.h. MasterCard International Inc., 888 Seventh Avenue New York, N.Y. 10106 Bandaríkjunum skráningu vörumerkisins. Andmælin eru byggð á ruglingshættu við tvö myndmerki í eigu MasterCard, skráningar nr. 170/1976 og nr. 131/1982 sem skráð eru fyrir þjónustu í 36. flokki. Merki andmælanda saman standa af tveimur hringjum sem skarast lítillega. Andmælandi telur að ruglingshætta sé á

Einkaleyfastofan

- 2 -

milli merkis umsækjanda, sem samanstendur af tveimur hnöttum, og fyrrgreindra merkja sinna.

Með bréfi dags. 30. apríl 1991 svarar tilkynnandi andmælunum. Tilkynnandi bendir fyrst á að hann sé eigandi skráningar nr. 607/1989, en það merki sé nánast eins og það merki sem andmælin beinast að. Því hafi hann þegar öðlast vörumerkjavernd á slíkum tveimur stílfærðum hnattlíkönum. Ennfremur telur tilkynnandi að ruglingshætta geti ekki verið til staðar, þar sem annarsvegar sé um að ræða hnattlíkön en hinsvegar venjulega hringi sem skerast. Tilkynnandi álitur að skráð myndmerki með hringjum sem skerast sé ekki einsdæmi og að slíkt minni ekki á hnattlíkön.

NIÐURSTAÐA:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkis skv. umsókn nr. 723/1990, fyrir vörur í 16. flokki og þjónustu í 36. flokki. Andmælandi er eigandi vörumerkja nr. 170/1976 og 131/1982 í 36. flokki.

Meðal þess er áhrif hefur á mat á ruglingshættu er „fyrirmynd“ merkja þ.e. sú hugmynd sem liggur að baki útliti merkja. Sé „fyrirmynd“ merkja hin sama eykst hætta á því að almenningur villist á þeim. Yfirleitt er þó ekki nægilegt að „fyrirmynd“ ein og sér sé hin sama, heldur verður einnig að vera til staðar slík sjón- og/eða hljóðlíking. Það er ávallt heildarmynd vörumerkja sem úrslitum ræður.

Hvorki þykir sjónlíking merkjanna vera að því marki að telja megi að valdi villu né þykir sýnt að um sömu „fyrirmynd“ sé að ræða hjá málsaðilum.

Þegar litið er á merkin í heild verður ekki séð að ruglingshætta geti verið til staðar skv. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki.

ÞVÍ ÁKVARÐAST:

Skráning vörumerkis skv. umsókn nr. 723/1990 er heimiluð.

Ásta Valdimarsdóttir, lögfr.

Afrit sent til:

Einkaleyfastofan

- 2 -

Sigurjónsson & Thor h.f
Óðinsgötu 4
101 Reykjavík